

21. janúar 2011

YFIRLÝSING FRÁ SÍMANUM

SÍMINN HARMAR NOTKUN FJARSKIPTAUMFERÐARUPPLÝSINGA Í MARKAÐSLEGUM TILGANGI

Persónuvernd hefur tilkynnt Símanum að stofnunin hefði í hyggju að kæra fyrirtækið vegna ólögmætrar notkunar samtengiupplýsinga. Um er að ræða sama mál og kom upp síðast liðið vor við bráðabirgðaúrskurð Samkeppniseftirlits og ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Síminn hefur í kjölfar þessa máls farið rækilega yfir alla verkferla innan fyrirtækisins til að tryggja að atvik af þessu tagi endurtaki sig ekki.

Síminn hefur viðurkennt að hafa nýtt fjarskiptaumferðarupplýsingar í markaðslegum tilgangi og hefur unnið með eftirlitsstofnunum að því að upplýsa málið frá því það kom upp. Síminn harmar að hafa nýtt fjarskiptaumferðarupplýsingar með þeim hætti sem gert var.